




BYGGÐASTOFNUN

Þjónustukönnun Austurland





Byggðastofnun 2018

Titill: Þjónustukönnun Austurland

Framkvæmd þjónustukönnunar: Gallup

Höfundur skýrslu: Sigríður Elín Þórðardóttir

Efnisyfirlit

Inngangur	5
Framkvæmdalýsing	5
Tölfræðileg úrvinnsla.....	6
Um notkun hugtaka.....	7
Helstu niðurstöður	7
Austurland.....	8
Búsetusvæði	8
Þátttaka	8
Menntun.....	9
Vinnumarkaður.....	10
Atvinnugreinaskipting	11
Atvinnusókn.....	12
Námsmenn	13
Þjónustusókn á Austurlandi	14
Hérað.....	19
Fjarðabyggð og Breiðdalshreppur	25
Seyðisfjarðarkaupstaður	32
Vopnafjarðarhreppur	38
Djúpavogshreppur.....	44

Tölur og myndir

Tafla 1. Fjöldi og hlutfall þátttakenda af íbúafjölda eftir búsetusvæðum..... 8

Tafla 2. Fjöldi og hlutfall þátttakenda eftir stöðu á vinnumarkaði..... 10

Mynd 1. Búsetusvæði á Austurlandi. 8

Mynd 2. Hæsta menntun þátttakenda eftir kyni. 9

Mynd 3. Hæsta menntun þátttakenda eftir búsetusvæðum. 9

Mynd 4. Hlutfallsleg skipting svarenda eftir stöðu á vinnumarkaði og kyni. ... 10

Mynd 5. Hlutfallsleg skipting svarenda eftir atvinnugreinum. 11

Mynd 6. Hlutfallsleg skipting svarenda eftir atvinnugreinum og kyni..... 11

Mynd 7. Staðsetning vinnustaða svarenda sem sóttu vinnu út fyrir þéttbýlið/sveitabæinn..... 12

Mynd 8. Hlutfall svarenda sem sóttu vinnu út fyrir þéttbýlið/sveitabæinn eftir búsetusvæðum..... 12

Mynd 9. Hlutfall karla og kvenna sem sóttu vinnu út fyrir þéttbýlið/sveitabæinn..... 12

Mynd 10. Hlutfallsleg skipting svarenda eftir ferðamáta til og frá vinnu..... 13

Mynd 11. Hlutfallsleg skipting svarenda eftir ferðamáta til og frá skóla. 13

Mynd 12. Þjónustusókn svarenda á Austurlandi..... 14

Mynd 13. Þjónustueinkunn svarenda á Austurlandi. 14

Mynd 14. Þjónustueinkunn: Hlutfallsleg skipting svarenda eftir kyni og aldurshópum. 15

Mynd 15. Þjónustueinkunn: Hlutfallsleg skipting svarenda eftir fjölskyldugerð. 15

Mynd 16. Þjónustueinkunn: Hlutfallsleg skipting svarenda eftir menntun..... 15

Mynd 17. meðalfjöldi skipta sem þjónusta sérfræðilækna var notuð eftir staðsetningu þjónustuaðila. 16

Mynd 18. Meðalfjöldi skipta sem þjónusta sjúkraþjálfara var notuð eftir staðsetningu þjónustuaðila. 17

Mynd 19. meðalfjöldi skipta sem þjónusta sérfræðiráðgjafa var notuð eftir staðsetningu þjónustuaðila..... 17

Mynd 20. Heilbrigðisþjónustusókn svarenda og staðsetning þjónustuaðila. . 18

Mynd 21. Heilbrigðisþjónusta sem oftast var nefnd í opinni spurningu um þjónustu sem svarendur sóttu út fyrir sitt búsetusvæði..... 18

Mynd 22. Þjónustusókn svarenda á Austurlandi. 19

Mynd 23. Þjónustueinkunn svarenda á Austurlandi. 19

Mynd 24. Þjónustusókn svarenda sem notuðu algenga þjónustu eftir staðsetningu þjónustuaðila..... 20

Mynd 25. Hlutfallsleg skipting svarenda sem notuðu opinbera þjónustu eftir staðsetningu þjónustuaðila..... 21

Mynd 26. Hlutfallsleg skipting svarenda sem notuðu fjármálaþjónustu eftir staðsetningu þjónustuaðila..... 22

Mynd 27. Hlutfallsleg skipting svarenda sem fóru í sérvörverslanir eftir staðsetningu þjónustuaðila..... 23

Mynd 28. Hlutfallsleg skipting svarenda sem fóru á menningarviðburði og notuðu afþreyingu eftir staðsetningu þjónustuaðila. 24

Mynd 29. Þjónustusókn svarenda í Fjarðabyggð og Breiðdalshreppi. 25

Mynd 30. Þjónustueinkunn svarenda í Fjarðabyggð og Breiðdalshreppi. 25

Mynd 31. Þjónustusókn svarenda sem notuðu algenga þjónustu eftir staðsetningu þjónustuaðila..... 27

Mynd 32. Hlutfallsleg skipting svarenda sem notuðu opinbera þjónustu eftir staðsetningu þjónustuaðila..... 28

Mynd 33. Hlutfallsleg skipting svarenda sem notuðu fjármálaþjónustu eftir staðsetningu þjónustuaðila..... 29

Mynd 34. Hlutfall svarenda sem fóru í sérvörverslanir eftir staðsetningu þjónustuaðila. 30

Mynd 35. Hlutfallsleg skipting svarenda sem fóru á menningarviðburði og notuðu afþreyingu eftir staðsetningu þjónustuaðila. 31

Mynd 36. Þjónustusókn svarenda í Seyðisfjarðarkaupstað.....	32
Mynd 37. Þjónustueinkunn svarenda í Seyðisfjarðarkaupstað.	32
Mynd 38. Hlutfallsleg skipting svarenda sem notuðu algenga þjónustu eftir staðsetningu þjónustuaðila.	33
Mynd 39. Hlutfallsleg skipting svarenda sem notuðu opinbera þjónustu eftir staðsetningu þjónustuaðila.	34
Mynd 40. Hlutfallsleg skipting svarenda sem notuðu fjármálaþjónustu eftir staðsetningu þjónustuaðila.	35
Mynd 41. Hlutfallsleg skipting svarenda sem fóru í sérvörverslanir eftir staðsetningu þjónustuaðila.	36
Mynd 42. Hlutfallsleg skipting svarenda sem fóru á menningarviðburði og notuðu afþreyingu eftir staðsetningu þjónustuaðila.	37
Mynd 43. Þjónustusókn svarenda í Vopnafjarðarhreppi.	38
Mynd 44. Þjónustueinkunn svarenda í Vopnafjarðarhreppi.	38
Mynd 45. Hlutfallsleg skipting svarenda sem notuðu algenga þjónustu eftir staðsetningu þjónustuaðila.	39
Mynd 46. Hlutfallsleg skipting svarenda sem notuðu opinbera þjónustu eftir staðsetningu þjónustuaðila.	40
Mynd 47. Hlutfallsleg skipting svarenda sem notuðu fjármálaþjónustu eftir staðsetningu þjónustuaðila.	41
Mynd 48. Hlutfallsleg skipting svarenda sem fóru í sérvörverslanir eftir staðsetningu þjónustuaðila.	42
Mynd 49. Hlutfallsleg skipting svarenda sem fóru á menningarviðburði og notuðu afþreyingu.....	43
Mynd 50. Þjónustusókn svarenda í Djúpavogshreppi.....	44
Mynd 51. Þjónustueinkunn svarenda í Djúpavogshreppi.	44
Mynd 52. Hlutfallsleg skipting svarenda sem notuðu algenga þjónustu eftir staðsetningu þjónustuaðila.	45

Mynd 53. Hlutfallsleg skipting svarenda sem notuðu opinbera þjónustu eftir staðsetningu þjónustuaðila.....	46
Mynd 54. Hlutfallsleg skipting svarenda sem notuðu fjármálaþjónustu eftir staðsetningu þjónustuaðila.....	47
Mynd 55. Hlutfallsleg skipting svarenda sem fóru í sérvörverslanir eftir staðsetningu þjónustuaðila.....	48
Mynd 56. Hlutfallsleg skipting svarenda sem fóru á menningarviðburði og notuðu afþreyingu eftir staðsetningu þjónustuaðila.	49
Mynd 57. Orðaský: Þjónusta sem svarendur sóttu út fyrir sitt búsetusvæði.	50
Mynd 58. Hlutfallsleg skipting svarenda með Costco aðildarkort og þeirra sem ekki eru með aðildarkort.....	50

Inngangur

Samkvæmt Byggðaaætlun 2014-2017 á að meta aðgengi íbúa að þjónustu og setja fram tillögur til úrbóta. Ákveðið var að skoða fyrst þjónustusókn íbúa á Norðurlandi vestra og nota þá könnun sem fyrirmynd fyrir verklag við sambærilegar kannanir í öðrum landshlutum. Þjónustukönnun var framkvæmd á Norðurlandi vestra haustið 2015 og niðurstöður birtar og kynntar í apríl 2016.

Framkvæmdalýsing

Undirbúningur að framkvæmd þjónustukannana á Vesturlandi, Vestfjörðum, Norðurlandi eystra, Austurlandi, Suðurlandi og Suðurnesjum hófst haustið 2016 í samstarfi við landshlutasamtök sveitarfélaga og Rannsóknamiðstöð Háskólans á Akureyri.

Könnunin fór fram í júní-október 2017 og sá Gallup um þá vinnu. Tekið var lagskipt slembiúrtak úr viðhorfahópi Gallup og Þjóðskrár, skipt eftir póst- eða sveitarfélagsnúmerum. Þessi úrtaksaðferð er algeng þar sem þýðið er mjög lítið í nokkrum laganna, búsetusvæði í þessu tilviki. Til að auka alhæfingargildi niðurstaðna fyrir það svæði er fleiri svörum safnað á fámennum búsetusvæðum en myndu hafa safnast ef tekið er einfalt tilviljunarúrtak úr landshlutanum öllum.

Um var að ræða blandaða net- og símakönnun. Þátttakendur í viðhorfahópi fengu senda vefslóð í tölvupósti sem vísaði í könnunina. Samhliða hringdu spýrlar Gallup í þjóðskrárhlua úrtaksins og buðu þátttakendum að svara könnuninni á netinu eða í síma. Þrjár áminningar voru sendar til þátttakenda í tölvupósti.

Í könnuninni var leitað svara við því hvort og hversu oft íbúar sækja margvíslega þjónustu. Lögð var áhersla á að kanna hvort þjónustusókn væri mismunandi eftir búsetusvæðum. Spurt var um tíðni notkunar á þjónustu sem notuð er oft (mánaðarlega) og þeirri sem notuð er sjaldnar (árlega). Einnig var lögð áhersla á að kanna hvort þjónustusókn væri mismunandi innan hvers landshluta. Hverjum landshluta var því skipt upp í búsetusvæði eða þjónustusóknarsvæði í samvinnu við landshlutasamtök sveitarfélaga. Hér er lítið svo á að þjónustusókn íbúa innan hvers búsetusvæðis sé í meginatriðum lík en að þjónustusókn geti verið ólík eftir búsetusvæðum innan hvers landshluta. Suðurnesjum var skipt upp í fimm búsetusvæði, Vesturlandi í fimm, Vestfjörðum í fjögur, Norðurlandi eystra í átta, Austurlandi í fimm og Suðurlandi í átta búsetusvæði, samtals eru 35 búsetusvæði til skoðunar.

Úrtakið var 21.350 manns á aldrinum 18-80 ára með lögheimili í janúar 2017 á Suðurnesjum, Vesturlandi, Vestfjörðum, Norðurlandi eystra, Austurlandi og Suðurlandi. Alls tóku 8.859 íbúar þátt í könnuninni eða 10,6% íbúa af heildaríbúafjölda í landshlutunum þann 1. janúar 2017 eins og miðað er við í umfjölluninni hér, en hlutfallið er 10,1% af íbúafjölda 1. janúar 2018.

	Úrtak úr þýði 18-80 ára	Svarhlutfall	Fjöldi þátttakenda í könnuninni 18-80 ára	Fjöldi íbúa 18-180 ára 2017	Fjöldi íbúa 18-80 ára 2018	Hlutfall af íbúafjölda 1. janúar 2017	Hlutfall af íbúafjölda 1. janúar 2018
Suðurnes	3500	34%	1169	17423	19011	6,7%	6,1%
Vesturland	2850	46%	1385	11455	11800	12,1%	11,7%
Vestfirðir	1650	48%	776	5032	5179	15,4%	15,0%
Norðurland eystra	5100	41%	2079	21579	22294	9,6%	9,3%
Austurland	2150	49%	1051	7489	7622	14,0%	13,8%
Suðurland	6100	39%	2399	20328	21382	11,8%	11,2%
Samtals	21350		8859	83306	87288	10,6%	10,1%


Svarhlutfall var mismunandi eftir landshlutum og búsetusvæðum en nánari greining er á fjölda þátttakenda eftir búsetusvæðum í umfjöllun um hvern landshluta fyrir sig.

Tölfræðileg úrvinnsla

Þar sem úrtakið í hverjum landshluta var ekki hlutfallslega rétt lagskipt eftir búsetusvæðum voru gögnin vigtuð í úrvinnslu til samræmis við íbúafjölda á búsetusvæðum sem voru til skoðunar. Auk þess tók vigtun mið af kyn- og aldurskiptingu á hverju búsetusvæði fyrir sig. Þetta er gert til að heildarniðurstöður fyrir landshluta sé í samræmi við íbúafjölda eftir búsetusvæðum í landshlutanum. Tölfræðileg úrvinnsla var unnin í SPSS (Statistical Package for Social Science) og sá Gallup um þá vinnu.

Umfjöllunin byggir fyrst og fremst á greiningu svara eftir búsetusvæðum og þjónustusókn. Bakgrunnur þátttakenda er greindur eftir kyni, menntun, stöðu á vinnumarkaði, atvinnugreinum og atvinnusókn fyrir hvern landshluta fyrir sig. Hér verður ekki fjallað um hvort þjónustusókn þátttakenda eftir bakgrunni sé mismunandi eða ekki, það er engu að síður afar áhugavert að skoða það nánar.

Niðurstöður eru settar fram í myndum eftir því sem við á, sem sýna svarhlutföll einstakra spurninga eftir staðsetningu þjónustuaðila.



Radarmyndir eru m.a. notaðar til að varpa ljósi á þjónustusókn þátttakenda sem notuðu algenga þjónustu. Bláa línan sýnir hlutfall þátttakenda sem sóttu tiltekna þjónustu til þjónustuaðila á Egilsstöðum, appelsínugula línan er viðbót við bláu línuna og grúa línan er viðbót við bláu og/eða appelsínugulu línuna. Radarmyndin hér að ofan sýnir m.a. að um 60% þátttakenda fóru síðast í dagvörðsverslun á Egilsstöðum, um 20% fóru í dagvörðsverslanir annars staðar á Austurlandi, um 10% fóru í dagvörðsverslun á Akureyri sem bilið á milli appelsínugulu línunnar og þeirrar gráu sýnir og um 10% fóru í dagvörðsverslun á höfuðborgarsvæðinu sem bilið á milli gráu línunnar og þeirrar gulu sýnir.

Brottfallið var yfirleitt á bilinu 5-15% í spurningunum, við úrvinnslu var litið svo á að þeir sem svöruðu ekki höfðu ekki nýtt þjónustuna.

Um notkun hugtaka

Dagvöruverslun: Verslun sem selur dagvörur, þ.e. vöru sem tengjast daglegum neysluþörfum fólks s.s. mat- og drykkjarvörur og hreinlætis- og snyrtivörur. Notað hér sem samheiti yfir aðrar dagvöruverslanir en Bónus, Krónuna og Nettó.

Lágvöruverðsverslun: Verslun sem selur dagvörur á lágu verði, þ.e. vöru sem tengjast daglegum neysluþörfum fólks s.s. mat- og drykkjarvörur og hreinlætis- og snyrtivörur. Notað hér sem samheiti yfir Bónus, Krónuna og Nettó.

Landfræðilegur markaður: Stærð landfræðilegs markaðs veltur m.a. að því að hvaða marki þörf er talin á því að kaupandinn sé í nálægð við þjónustuaðilana. Sérstaklega skiptir máli hver yrði tíma- og ferðakostnaður neytandans við að nálgast seljanda í meiri fjarlægð. Oft er miðað við að dagvöruverslanir geti að öðru jöfnuðu náð til sín viðskiptavinum sem ekki þurfi að leggja á sig lengri en 20 mínútna akstur í viðkomandi verslun, eða um það bil 20 km fjarlægð frá verslun. Þessi viðmið verður þó að skoða með teknu tilliti til aðstæðna hverju sinni og á hverju búsetsvæði fyrir sig.

Þjónustusókn: Þjónustusókn endurspeglar aðeins þá þjónustubætti sem spurt var um í könnuninni. Í myndum um þjónustusókn íbúa eftir landshlutum og búsetusvæðum er eingöngu tekið tillit til hvert íbúar sóttu þjónustuna síðast, ekki er tekið tillit til hversu oft þeir sóttu þjónustuna. Suma þjónustu sækja íbúar oft en aðra sjaldan. Tekið var meðaltal allra þjónustubátta sem spurt var um sem gefur góða mynd af því hvert íbúar sækja þá þjónustu sem þeir voru spurðir um.

Höfuðborgarsvæðið: Samheiti yfir Reykjavík, Hafnarfjörð, Garðabæ, Kópavog, Seltjarnarnes og Mosfellsbæ.

Helstu niðurstöður

Þátttakendur búsettir á Héraði, í Fjarðabyggð/Breiðdalshreppi og Vopnafjarðarhreppi sóttu meirihluta þjónustunnar til þjónustuaðila á sínu búsetusvæði en þátttakendur á Héraði sóttu hlutfallslega minni þjónustu til höfuðborgarsvæðisins en þátttakendur í Fjarðabyggð/Breiðdalshreppi og Vopnafjarðarhreppi.

Þátttakendur í Vopnafjarðarhreppi sóttu um fimmtung þjónustunnar til Akureyrar en þátttakendur á öðrum búsetusvæðum á Austurlandi sóttu á bilinu 3-5% þjónustunnar til þjónustuaðila á Akureyri.

Þátttakendur í Djúpavogshreppi og Seyðisfjarðarkaupstað sóttu 38% þjónustunnar til þjónustuaðila á sínu búsetusvæði en þátttakendur í Djúpavogshreppi sóttu meiri þjónustu til höfuðborgarsvæðisins en þátttakendur í Seyðisfjarðarkaupstað sem sóttu hlutfallslega meiri þjónustu til Egilsstaða en þátttakendur í Djúpavogshreppi.

Þátttakendur í Djúpavogshreppi voru líklegri en þátttakendur á öðrum búsetusvæðum á Austurlandi til að gefa þjónustunni í sínu sveitarfélagi ágætiseinkunn.

Austurland

Búsetusvæði

Þjónustusókn íbúa á Austurlandi var greind eftir fimm búsetusvæðum. Til einföldunar verður Fljótsdalshérað, Fljótsdalshreppur og Borgarfjarðarhreppur hér eftir nefnt Hérað (tafla 1 og mynd 1). Þann 1. janúar 2017 voru 7.489 íbúar á Austurlandi á aldrinum 18-80 ára, þar af voru 3.495 konur og 3.994 karlar.

Þátttaka



Alls tóku 1.051 manns þátt í könnuninni, kynjahlutfallið var nokkuð jafnt eða 49% karlar og 51% konur.

Hlutfall þátttakenda af íbúafjölda 18-80 ára var 14% (tafla 1).

Á Austurlandi var 2.150 manns boðið að taka þátt í könnuninni, svarhlutfall var 49%.

TAFLA 1. FJÖLDI OG HLUTFALL ÞÁTTTAKENDA AF ÍBÚAFJÖLDA EFTIR BÚSETUSVÆÐUM.


Búsetusvæði	Fjöldi þátttakenda 18-80 ára	Hlutfall þátttakenda af íbúafjölda 18-80 ára
Vopnafjarðarhreppur	134	28,50%
Seyðisfjarðarkaupstaður	137	26,9%
Hérað	367	13,8%
Fjarðabyggð og Breiðdalshreppur	351	9,90%
Djúpavogshreppur	62	19,3%
Heildarfjöldi þátttakenda	1051	
Heildarfjöldi íbúa 18-80 ára	7.489	14,0%



MYND 1. BÚSETUSVÆÐI Á AUSTURLANDI.


Menntun

Niðurstöður um menntun þátttakenda byggja á svörum frá 435 konum og 505 körlum. Spurt var: Hver er hæsta menntun sem þú hefur lokið?



MYND 2. HÆSTA MENNTUN ÞÁTTTAKENDA EFTIR KYNI.

Rúmlega 53% karla voru með framhaldsskólapróf og 27% með háskólapróf, hlutfallslega voru flestar konur með háskólapróf eða 38% og 35% með framhaldsskólapróf (mynd 2).



MYND 3. HÆSTA MENNTUN ÞÁTTTAKENDA EFTIR BÚSETUSVÆÐUM.

Á öllum búsetusvæðunum höfðu hlutfallslega flestir þátttakendur lokið framhaldsskólaprófi. Hlutfallslega voru fæstir þátttakendur á Héraði með grunnskólapróf sem hæstu menntun eða 17% samanborið við hlutfall þátttakenda á öðrum búsetusvæðum á Austurlandi þar sem hlutfall þátttakenda með grunnskólapróf sem hæstu menntun var á bilinu 22-37% (mynd 3).


Vinumarkaður

Allir voru spurðir um stöðu á vinnumarkaði, 953 tóku afstöðu eða um 91% þátttakenda, rúm 9% tóku ekki afstöðu (tafla 2).

Hér er litið svo á virkir á vinnumarkaði eru þeir sem eru í fullu starfi og hlutastarfi sem launþegar, atvinnurekendur, einyrkjar og sjálfstætt starfandi og þeir sem eru í vinnu og námi. Af 953 þátttakendum voru 80% virkir á vinnumarkaði.

TAFLA 2. FJÖLDI OG HLUTFALL ÞÁTTTAKENDA EFTIR STÖÐU Á VINNUMARKAÐI.

Staða á vinnumarkaði	Fjöldi	Hlutfall
Í fullu starfi sem launþegi	530	55,6%
Öryrki/ellilífeyrisþegi	150	15,7%
Atvinnurekandi/einyrki/sjálfstætt starfandi	108	11,4%
Í hlutastarfi sem launþegi	85	8,9%
Í vinnu og námi	36	3,8%
Í námi	19	1,9%
Í leyfi/fæðingarorlofi	16	1,7%
Í atvinnuleit eða milli starfa	6	0,7%
Heimavinnandi	3	0,3%
Fjöldi svara	953	100,0%
Tóku afstöðu	953	90,7%
Tóku ekki afstöðu	98	9,3%
Heildarfjöldi þátttakenda	1.051	100,0%



MYND 4. HLUTFALLSLEG SKIPTING SVARENDNA EFTIR STÖÐU Á VINNUMARKAÐI OG KYNI.


Hlutfallslega fleiri karlar en konur voru í fullu starfi eða 62% á móti 48% en hlutfallslega fleiri konur en karlar voru í hlutastarfi, 16% á móti 3%. Hlutfallslega voru mun fleiri karlar atvinnurekendur, sjálfstætt starfandi og/eða einyrkjar en konur, eða 16% karla á móti 6% kvenna. Hlutfallslega fleiri konur voru öryrkjar/ellilífeyrisþegar eða 19% á móti 13% karla (mynd 4).

Atvinnugreinaskipting



MYND 5. HLUTFALLSLEG SKIPTING SVARENDA EFTIR ATVINNUGREINUM.


Alls svöruðu 718 eða 95% aðspurðra í hvaða atvinnugrein aðalstarf þeirra var. Flestir störfuðu við fræðslustarfsemi og næstflestir við heilbrigðis- og félagsþjónustu (mynd 5). Atvinnugreinaflokkun eftir kyni er háð annmörkum þar sem hlutfallslega fáir starfa í mörgum atvinnugreinum. Í atvinnugreinum þar sem hlutfallslegur fjöldi er undir 5,8% eru gögnin ekki greind eftir kyni.



MYND 6. HLUTFALLSLEG SKIPTING SVARENDA EFTIR ATVINNUGREINUM OG KYNI.

Hlutfallslega störfuðu flestar konur eða 24% á sviði heilbrigðis- og félagsþjónustu og 20% við fræðslustarfsemi. Hlutfallslega störfuðu flestir karlar eða 12% við byggingarstarfsemi og mannvirkjagerð, 10% við framleiðslustörf án fiskvinnslu og sama hlutfall starfaði við veitustarfsemi og meðhöndlun úrgangs (mynd 6). Niðurstöðurnar gefa til kynna að starfsvettvangur flestra kvennanna sé hjá opinberum stofnunum en að karlarnir starfi flestir hjá einkareknum fyrirtækjum.


Atvinnusókn



MYND 7. STAÐSETNING VINNUSTAÐA SVARENDA SEM SÓTTU VINNU ÚT FYRIR ÞÉTTBÝLIÐ/SVEITABÆINN.


Þeir sem voru á vinnumarkaði voru spurðir hvort þeir sækja vinnu út fyrir þéttbýlið/sveitabæinn þar sem þeir búa.

Alls fengu 760 manns spurninguna, svarhlutfall var 96%. Af þeim sóttu rúm 38% þátttakenda vinnu út fyrir þéttbýlið/sveitabæinn þar sem þeir bjuggu. Atvinnusókn flestra var til Reyðarfjarðar eða 49% (mynd 7).



MYND 8. HLUTFALL SVARENDA SEM SÓTTU VINNU ÚT FYRIR ÞÉTTBÝLIÐ/SVEITABÆINN EFTIR BÚSETUSVÆÐUM.

Þátttakendur búsettir á Héraði og í Fjarðabyggð og Breiðdalshreppi voru líklegri til að sækja vinnu út fyrir þéttbýlið/sveitabæinn en þátttakendur sem voru búsettir á Seyðisfirði og Vopnafirði (mynd 8).




MYND 9. HLUTFALL KARLA OG KVENNA SEM SÓTTU VINNU ÚT FYRIR ÞÉTTBÝLIÐ/SVEITABÆINN.

Um 47% karla og 25% kvenna sóttu vinnu út fyrir þéttbýlið/sveitabæinn þar sem þeir bjuggu (mynd 9).

Allir sem voru í vinnu voru spurðir hvernig þeir ferðast oftast til og frá vinnu.

Alls fengu 760 þátttakendur spurninguna, 744 tóku afstöðu eða 98%.




MYND 10. HLUTFALLSLEG SKIPTING SVARENDA EFTIR FERÐAMÁTA TIL OG FRÁ VINNU.

Meirihluti ferðaðist oftast með einkabíl til og frá vinnu eða rúm 57%, 20% fóru gangandi og 15% með bíl eða rútu á vegum vinnuveitanda (mynd 10).

Námsmenn

Alls voru 52 þátttakendur í námi og af þeim sóttu 33 skóla annars staðar en í sinni heimabyggð. Flestir voru í skóla á höfuðborgarsvæðinu eða 48%, 29% á Norðurlandi eystra og rúm 9% á Neskaupstað, 6% á Vesturlandi, 5% á Egilsstöðum, og um 3% á Suðurlandi.


Allir sem voru í námi voru spurðir hvernig þeir ferðast oftast til og frá skóla, 51 tók afstöðu.



MYND 11. HLUTFALLSLEG SKIPTING SVARENDA EFTIR FERÐAMÁTA TIL OG FRÁ SKÓLA.

Meirihluti ferðaðist oftast með einkabíl eða 57% og rúm 15% fóru gangandi (mynd 11). Vegna fárra svara er ekki nánari greining á ferðamáta nemenda.


Þjónustusókn á Austurlandi



MYND 12. ÞJÓNUSTUSÓKN SVARENDA Á AUSTURLANDI.


Í heildina var rúmlega 36% þjónustunnar sótt til fyrirtækja og stofnana á Egilsstöðum, 28% til þjónustuaðila í Fjarðabyggð, um 14% var sótt til þjónustuaðila á höfuðborgarsvæðinu, um 6% til Akureyrar og um 3% á netið (mynd 12).

Þjónustueinkunn




MYND 13. ÞJÓNUSTUEINKUNN SVARENDA Á AUSTURLANDI.

Um 37% svarenda á Austurlandi gáfu þjónustunni ágætiseinkunn en flestir gáfu sæmilega einkunn eða 48% (mynd 13).




MYND 14. ÞJÓNUSTUEINKUNN: HLUTFALLSLEG SKIPTING SVARENDA EFTIR KYNI OG ALDRUSHÓPUM.

Ekki kom fram kynjamunur á því hvaða einkunn karlar og konur gáfu þjónustunni en svarendur í elsta aldurshópnum voru líklegri til að gefa þjónustunni ágætiseinkunn en þeir sem voru í yngri aldurshópnum (mynd 14).



MYND 15. ÞJÓNUSTUEINKUNN: HLUTFALLSLEG SKIPTING SVARENDA EFTIR FJÖLSKYLDUGERÐ.

Þátttakendur sem héldu heimili með öðrum fullorðnum án barna yngri en 18 ára voru líklegastir til að gefa þjónustunni ágætiseinkunn (mynd 15).



MYND 16. ÞJÓNUSTUEINKUNN: HLUTFALLSLEG SKIPTING SVARENDA EFTIR MENNTUN.

Þátttakendur sem voru með háskólapróf sem hæstu einkunn voru líklegastir til að gefa þjónustunni ágætiseinkunn (mynd 16).

Nánar er fjallað um þjónustueinkunn eftir búsetusvæðum í umfjöllun um hvert svæði fyrir sig.

Heilbrigðisþjónusta

Niðurstöður byggja á svörum frá rúmlega 95% þátttakenda.


Hlutfall svarenda sem notuðu þjónustuna og kynjahlutfall notenda:

- 79% notuðu þjónustu heilsugæslunnar og/eða fóru til heimilislæknis – karlar voru 51% notenda og konur 49%.
- 42% fóru til sérfræðilæknis – karlar voru 49% notenda og konur 51%.
- 61% fóru til tannlæknis – karlar voru 51% notenda og konur 49%.
- 18% fóru til sjúkrahjálfa – karlar voru 47% notenda og konur 53%.
- 10% fóru til sérfræðiráðgjafa (s.s. sálfræðinga, félagsráðgjafa) – karlar voru 41% notenda og konur 59%.

Tíðni notkunar

Spurt var: Hversu oft síðastliðna 12 mánuði hefur þú notað eftirfarandi heilbrigðisþjónustu?


Þeir sem höfðu nýtt þjónustu heilsugæslu/heimilislæknis fóru að meðaltali í 4,2 skipti. Könnunin bendir til þess að konur á Austurlandi noti þjónustuna aðeins oftar en karlar eða í 4,1 skipti á móti 2,8 skiptum karla.



MYND 17. MEÐALFJÖLDI SKIPTA SEM ÞJÓNUSTA SÉRFRÆÐILÆKNA VAR NOTUÐ EFTIR STAÐSETNINGU ÞJÓNUSTUADILA.

Þátttakendur sem nýttu þjónustu sérfræðilækna á höfuðborgarsvæðinu fóru að meðaltali í 2,7 skipti en þeir sem nýttu þjónustuna á Reyðarfirði fóru að meðaltali í 3,3 skipti (mynd 17). Konur notuðu þjónustuna að jafnaði í 1,3 skipti en karlar í 0,8 skipti, öryrkjar/ellilífeyrisþegar notuðu þjónustuna að meðaltali í 1,8 skipti en launþegar í 0,8 skipti.


Flestir sem nýttu þjónustu tannlækna fóru tvisvar sinnum á síðastliðnum 12 mánuðum.



MYND 18. MEÐALFJÖLDI SKIPTA SEM ÞJÓNUSTA SJÚKRAÞJÁLFARA VAR NOTUÐ EFTIR STAÐSETNINGU ÞJÓNUSTAÐILA.

Að meðaltali fóru þeir sem nýttu þjónustu sjúkraþjálfara 10 sinnum á 12 mánaða tímabili. Þeir sem nýttu þjónustu sjúkraþjálfara á Seyðisfirði fóru að meðaltali í 17,3 skipti (mynd 18).


Ekki kom fram kynjamunur á því hve oft þjónusta sjúkraþjálfara var notuð. Hins vegar notuðu öryrkjar/ellilífslegar þjónustuna tvisvar til þrisvar sinnum oftar en launþegar.



MYND 19. MEÐALFJÖLDI SKIPTA SEM ÞJÓNUSTA SÉRFRÆÐIRÁÐGJAFJA VAR NOTUÐ EFTIR STAÐSETNINGU ÞJÓNUSTAÐILA.

Þátttakendur sem nýttu þjónustu sérfræðiráðgjafa á höfuðborgarsvæðinu fóru tvisvar sinnum oftar á 12 mánaða tímabili en þeir sem nýttu þjónustuna á Austurlandi (mynd 19).

Konur notuðu þjónustu sérfræðiráðgjafa tvisvar sinnum oftar en karlar. Einnig kom fram að þeir sem voru með börn á heimilinu notuðu þjónustuna tvisvar sinnum oftar en þeir sem voru ekki með börn á heimilinu.



MYND 20. HEILBRIGÐISÞJÓNUSTUSÓKN SVARENDA OG STAÐSETNING ÞJÓNUSTUAÐILA.

Afgerandi flestir eða 95% þátttakenda notuðu þjónustu heilsugæslunnar og/eða heimilislækna og 92% þjónustu tannlækna á Austurlandi. Rúmlega 40% þátttakenda fóru til sérfræðilæknis á höfuðborgarsvæðinu og rúmlega 20% þátttakenda sóttu þjónustuna til Akureyrar. Um 65% þátttakenda fóru til sérfræðiráðgjafa á Austurlandi (mynd 20).




MYND 21. HEILBRIGÐISÞJÓNUSTA SEM OFTAST VAR NEFND Í OPINNI SPURNINGU UM ÞJÓNUSTU SEM SVARENDUR SÓTTU ÚT FYRIR SITT BÚSETUSVÆÐI.

Orðaskýið er unnið úr opnum svörum um heilbrigðisþjónustu sem þátttakendur sóttu út fyrir búsetusvæði sitt. Orðaskýið bendir til þess að flestir hafi sótt þjónustu augnlæknis (mynd 21).

Hérað

Þann 1. janúar 2017 voru 2.657 íbúar á Héraði (Fljótsdalshérað, Fljótsdalshreppur og Borgarfjarðarhreppur) á aldrinum 18-80 ára, þar af voru konur 1.293 og karlar 1.364. Alls tóku 367 manns á búsetusvæðinu þátt í könnuninni eða 13,8% íbúa á aldrinum 18-80 ára.


Þjónustusókn



MYND 22. ÞJÓNUSTUSÓKN SVARENDA Á AUSTURLANDI.

Þátttakendur á búsetusvæðinu sóttu um 73% þjónustunnar til fyrirtækja og stofnana á Egilsstöðum, rúm 11% þjónustunnar var sótt til höfuðborgarsvæðisins og um 6% til Akureyrar (mynd 22).

Þjónustueinkunn



MYND 23. ÞJÓNUSTUEINKUNN SVARENDA Á AUSTURLANDI.

Um 40% svarenda gáfu þjónustunni ágætiseinkunn en hlutfallslega gáfu flestir þjónustunni sæmilega einkunn eða 50% (mynd 23).

Algeng þjónusta

Hlutfall svarenda sem notuðu algenga þjónustu:


- 95% fóru í lágvöruverðsverslun
- 32% fóru í dagvöruverslun
- 75% fóru í apótek
- 35% fóru í bakarí
- 50% fóru í vínbúð í vínbúð
- 20% fóru á almenningsbókasafn
- 23% fóru í líkamsrækt
- 41% fór í sund
- 56% fóru á skyndibitastað
- 90% tóku eldsneyti.

Tíðni notkunar

Spurt var: Hversu oft síðastliðna 30 daga notaðir þú eftirfarandi þjónustu? Þeir sem nýttu þjónustu fyrirtækja og stofnana á Egilsstöðum fóru að meðaltali í:

- 7,4 skipti í lágvöruverðsverslun
- 3,6 skipti í dagvöruverslun
- 1,9 skipti í apótek
- 2,4 skipti í bakarí, 3,1 skipti í bakarí í Fellabæ
- 2,1 skipti í vínbúð
- 2 skipti á almenningsbókasafn

- 11,4 skipti í líkamsrækt
- 7 skipti í sund
- 3 skipti á skyndibitastað
- tóku eldsneyti í 3,7 skipti.



MYND 24. ÞJÓNUSTUSÓKN SVARENDNA SEM NOTUÐU ALGENGA ÞJÓNUSTU EFTIR STAÐSETNINGU ÞJÓNUSTUAÐILA.

Þátttakendur sóttu nær alla þjónustuna sem spurt var um til þjónustuaðila á Austurlandi. Þó kom fram að um fimmtungur þátttakenda fór síðast í dagvöruverslun og bakarí á höfuðborgarsvæðinu. Um þriðjungur fór síðast í bakarí í Fellabæ (mynd 24).

Opinber þjónusta


Hlutfall svarenda sem notuðu þjónustuna sem spurt var um:

- 18% notuðu þjónustu hjá sí- og endurmenntunarstöð
- 85% fóru á pósthús
- 44% notuðu þjónustu hjá sýslumanni/Tryggingastofnun.

Tíðni notkunar

Spurt var: Hversu oft síðastliðna 12 mánuði notaðir þú þjónustuna? Þeir sem sóttu þjónustu til stofnana á Egilsstöðum nýttu að meðaltali:

- sí- og endurmenntunarstöð í 2,8 skipti
- pósthús í 12,7 skipti
- þjónustu sýslumanns/Tryggingastofnunar í 3 skipti.



MYND 25. HLUTFALLSLEG SKIPTING SVARENDA SEM NOTUÐU OPINBERA ÞJÓNUSTU EFTIR STAÐSETNINGU ÞJÓNUSTUAÐILA.

Flestir sóttu þjónustuna til þjónustuaðila á Egilsstöðum. Um 30% þátttakenda sóttu síðast þjónustu sí- og endurmenntunarstöðvar til þjónustuaðila á höfuðborgarsvæðinu og 15% til aðila á Reyðarfirði (mynd 25).

Fjármálaþjónusta


Hlutfall svarenda sem notuðu þjónustuna sem spurt var um:

- 9% notuðu lögfræðiþjónustu
- 32% notuðu þjónustu bókhalds- og endurskoðunarstofu
- 15% notuðu þjónustu fasteignasölu
- 58% notuðu þjónustu tryggingafélags
- 83% notuðu bankaþjónustu.

Tíðni notkunar

Spurt var: Hversu oft síðastliðna 12 mánuði notaðir þú þjónustuna? Þeir sem sóttu til þjónustuaðila á Egilsstöðum nýttu að meðaltali:

- lögfræðiþjónustu í 2,1 skipti
- bókhalds- og endurskoðunarstofu í 2,5 skipti
- fasteignasölu í 1,8 skipti
- tryggingafélag í 2,1 skipti
- bankaþjónustu í 9,3 skipti.



MYND 26. HLUTFALLSLEG SKIPTING SVARENDA SEM NOTUÐU FJÁRMÁLAÞJÓNUSTU EFTIR STAÐSETNINGU ÞJÓNUSTUAÐILA.

Flestir sóttu síðast fjármálaþjónustuna sem spurt var um til þjónustuaðila á Egilsstöðum. Um 23% þátttakenda sóttu síðast lögfræðiþjónustu til þjónustuaðila á höfuðborgarsvæðinu (mynd 26).

Sérvörverslun

Hlutfall svarenda sem notuðu þjónustuna sem spurt var um:


- 63% fóru í gjafavörverslun/blómabúð
- 37% fóru í símaverslun
- 30% fóru í húsgagnaverslun
- 60% fóru í raftækjaverslun
- 78% fóru í byggingavörverslun
- 37% fóru í skóverslun
- 68% fóru í fataverslun
- 37% fóru í bókaverslun.

Tíðni notkunar

Spurt var: Hversu oft síðastliðna 12 mánuði hefur þú notað eftirfarandi þjónustu sérvörverslana? Þátttakendur sem nýttu þjónustu fyrirtækja á Egilsstöðum fóru að meðaltali í:

- 4,5 skipti í gjafavörverslun/blómabúð
- 2,4 skipti í símaverslun
- 2,2 skipti í húsgagnaverslun
- 3,3 skipti í raftækjaverslun
- 12,4 skipti í byggingavörverslun
- 2,1 skipti í skóverslun

- 5,1 skipti í fataverslun
- 3,2 skipti í bókaverslun.



MYND 27. HLUTFALLSLEG SKIPTING SVARENDA SEM FÓRU Í SÉRVÖRVERSLANIR EFTIR STAÐSETNINGU ÞJÓNUSTUADILA.

Afgerandi meirihluti fór síðast í byggingavörverslun, gjafavörverslun og raftækjaverslun á Egilsstöðum. Meirihluti fór í húsgagnaverslun á höfuðborgarsvæðinu. Um 18% fóru síðast fataverslun og 20% í skóverslun erlendis (mynd 27).

Menning og afþreying


Hlutfall svarenda sem fóru á menningarviðburði og notuðu afþreyingu sem spurt var um :

- 16% fóru á listsýningu
- 52% fór á tónleika
- 25% fóru í leikhús
- 75% fóru á veitingahús
- 37% fóru í kvikmyndahús.

Tíðni notkunar

Spurt var: Hversu oft síðastliðna 12 mánuði hefur þú notað eftirfarandi þjónustu? Þeir sem fóru á menningarviðburði og/eða nýttu afþreyingu á Egilsstöðum fóru að meðaltali í:

- 2,3 skipti á listsýningu
- 3,4 skipti á tónleika
- 1,6 skipti í leikhús
- 7,3 skipti á veitingahús.




MYND 28. HLUTFALLSLEG SKIPTING SVARENDNA SEM FÓRU Á MENNINGARVIÐBURÐI OG NOTUÐU AÐFREYINGU EFTIR STAÐSETNINGU ÞJÓNUSTUAÐILA.

Flestir þátttakendur fóru síðast á listsýningu, tónleika og í leikhús á Egilsstöðum. Flestir fóru í kvikmyndhús á höfuðborgarsvæðinu eða 56% en 40% sóttu þjónustuna til þjónustuaðila á Akureyri. Þá fóru 10% þátttakenda síðast á veitingahús, 5% á listsýningu og 5% á tónleika erlendis (mynd 28).

Fjarðabyggð og Breiðdalshreppur

Þann 1. janúar 2017 voru 3.531 íbúar á aldrinum 18-80 ára á búsetusvæðinu, þar af voru 1.592 konur og 1.939 karlar. Alls tóku 367 manns þátt í könnuninni eða 10,4% íbúa á aldrinum 18-80 ára.


Þjónustusókn



MYND 29. ÞJÓNUSTUSÓKN SVARENDA Í FJARÐABYGGÐ OG BREIÐDALSHREPPI.

Þátttakendur sóttu um 57% þjónustunnar til fyrirtækja og stofnana í Fjarðabyggð, rúm 12% þjónustunnar voru sótt til Egilsstaða, 15% til höfuðborgarsvæðisins og um 5% til Akureyrar (mynd 29).

Þjónustueinkunn



MYND 30. ÞJÓNUSTUEINKUNN SVARENDA Í FJARÐABYGGÐ OG BREIÐDALSHREPPI.

Um 35% svarenda gáfu þjónustunni ágætiseinkunn en hlutfallslega flestir gáfu þjónustunni sæmilega einkunn eða 47% (mynd 30).

Algeng þjónusta

Hlutfall svarenda sem notuðu algenga þjónustu:

- 83% fóru í lágvöruverðsverslun
- 74% fóru í dagvöruverslun
- 79% fóru í apótek
- 42% fóru í bakarí
- 59% fóru í vínbúð
- 14% fóru á almenningsbókasafn
- 15% fóru í líkamsrækt
- 45% fóru í sund
- 52% fóru á skyndibitastað
- 92% tóku eldsneyti.

Tíðni notkunar

Spurt var: Hversu oft síðastliðna 30 daga notaðir þú eftirfarandi þjónustu? Þeir sem nýttu þjónustu fyrirtækja og stofnana á Reyðarfirði fóru að meðaltali í:

- 7,9 skipti í lágvöruverðsverslun
- 2,3 skipti í dagvöruverslun
- 2,1 skipti í apótek
- 3 skipti í bakarí
- 2,6 skipti í vínbúð

- 1,3 skipti á almenningsbókasafn
- 12 skipti í líkamsrækt
- 3,3 skipti í sund
- 3,7 skipti á skyndibitastað
- tóku eldsneyti í 3,6 skipti.

Þeir sem nýttu þjónustuna í Neskaupstað fóru að meðaltali í:

- 12,7 skipti í dagvöruverslun
- 2,4 skipti í apótek
- 2 skipti í vínbúð
- 1,6 skipti á almenningsbókasafn
- 12 skipti í líkamsrækt
- 7,1 skipti í sund
- 3,8 skipti á skyndibitastað
- tóku eldsneyti í 3,4 skipti.

Þeir sem nýttu þjónustuna á Eskifirði fóru að meðaltali í:

- 9,7 skipti í dagvöruverslun
- 2,3 í apótek
- 2,3 skipti á almenningsbókasafn
- 7,2 skipti í líkamsrækt
- 4,9 skipti í sund
- 2,9 skipti á skyndibitastað
- tóku eldsneyti í 3,9 skipti.

Þeir sem nýttu þjónustuna á Fáskrúðsfirði fóru að meðaltali í:


- 7,9 skipti í dagvöruverslun
- 2,2 skipti í vínbúð
- 1,2 skipti á almenningsbókasafn
- 12,9 skipti í líkamsrækt
- 4,1 skipti í sund
- 1,4 skipti á skyndibitastað
- tóku eldsneyti í 3,8 skipti.

Þeir sem nýttu þjónustuna á Stöðvarfirði fóru að meðaltali í:

- 8,3 skipti í dagvöruverslun
- 1,4 skipti í apótek
- 1,5 skipti á almenningsbókasafn
- 3,3 skipti í sund
- 2,2 skipti á skyndibitastað
- tóku eldsneyti í 3,8 skipti.

Þeir sem nýttu þjónustuna á Breiðdalsvík fóru að meðaltali í:

- 5,2 skipti í dagvöruverslun
- 1,6 skipti á almenningsbókasafn
- 2,6 skipti í líkamsrækt
- 3,6 skipti í sund
- tóku eldsneyti í 3,2 skipti.



MYND 31. ÞJÓNUSTUSÓKN SVARENDA SEM NOTUÐU ALGENGA ÞJÓNUSTU EFTIR STAÐSETNINGU ÞJÓNUSTUAÐILA.

Þátttakendur í Fjarðabyggð og Breiðdalshreppi sóttu nær alfarið algenga þjónustu til fyrirtækja og stofnana á búsetusvæðinu, en um 40% þátttakenda fóru síðast í lágvöruverslun og 18% á skyndibitastaða á Egilsstöðum og um 6% fóru á skyndibitastað á Akureyri og 10% á höfuðborgarsvæðinu (mynd 31).

Opinber þjónusta

Hlutfall svarenda sem notuðu þjónustuna sem spurt var um:

- 17% notuðu þjónustu hjá sí- og endurmenntunarstöð
- 84% fóru á pósthús
- 45% notuðu þjónustu hjá sýslumanni/Tryggingastofnun.

Tíðni notkunar

Spurt var: Hversu oft síðastliðna 12 mánuði notaðir þú þjónustuna? Þeir sem sóttu þjónustu til stofnana á Reyðarfirði nýttu að meðaltali:

- sí- og endurmenntunarstöð í 3,5 skipti
- pósthús í 12 skipti
- skrifstofu sýslumanns/Tryggingastofnunar í 1 skipti.


Þeir sem sóttu þjónustuna til stofnana í Neskaupstað nýttu að meðaltali:

- sí- og endurmenntunarstöð í 2,2 skipti
- pósthús í 13,5 skipti

Þeir sem sóttu þjónustuna til stofnana á Eskifirði nýttu að meðaltali:

- pósthús í 17,6 skipti
- skrifstofu sýslumanns/Tryggingastofnunar í 2,6 skipti.

Þeir sem notuðu pósthjónustu á Fáskrúðsfirði nýttu þjónustuna í 18,6 skipti, þeir sem notuðu pósthjónustu á Breiðdalsvík nýttu hana í 20,2 skipti.



MYND 32. HLUTFALLSLEG SKIPTING SVARENDA SEM NOTUÐU OPINBERA ÞJÓNUSTU EFTIR STAÐSETNINGU ÞJÓNUSTUADILA.

Afgerandi meirihluti sótti þjónustuna til sýslumanns og/eða Tryggingastofnunar á Eskifirði eða 85%. Flestir notuðu pósthjónustuna í sínu nærumhverfi. Um 32% þátttakenda notuðu síðast þjónustu hjá sí- og endurmenntunarstöð á höfuðborgarsvæðinu og 19% á Reyðarfirði (mynd 32).

Fjármálaþjónusta

Hlutfall svarenda sem notuðu þjónustuna sem spurt var um:

- 7% notuðu lögfræðiþjónustu
- 16% notuðu þjónustu bókhalds- og endurskoðunarstofu
- 13% notuðu þjónustu fasteignasölu
- 47% notuðu þjónustu tryggingafélags
- 84% notuðu bankaþjónustu.

Tíðni notkunar

Spurt var: Hversu oft síðastliðna 12 mánuði notaðir þú þjónustuna? Þeir sem sóttu til þjónustuaðila á Reyðarfirði nýttu að meðaltali:

- bókhalds- og endurskoðunarstofu í 4,5 skipti
- tryggingafélag í 2,1 skipti
- bankaþjónustu í 12,1 skipti.


Þeir sem sóttu til þjónustuaðila á Eskifirði nýttu að meðaltali:

- lögfræðiþjónustu í 2,7 skipti
- fasteignasölu í 1,8 skipti.

Þeir sem sóttu til þjónustuaðila á Neskaupstað nýttu að meðaltali:

- bókhalds- og endurskoðunarstofu í 1,8 skipti
- tryggingafélag í 2,3 skipti

- bankaþjónustu í 16,9 skipti.



MYND 33. HLUTFALLSLEG SKIPTING SVARENDNA SEM NOTUÐU FJÁRMÁLAPJÓNUSTU EFTIR STAÐSETNINGU ÞJÓNUSTUAÐILA.

Flestir notuðu bankaþjónustuna í sínu nærumhverfi. Bókhaldsþjónusta var að mestu sótt til þjónustuaðila í Neskaupstað og á Egilsstöðum. Meirihluti sótti lögfræðiþjónustu og þjónustu fasteignasölu til Eskifjarðar. Flestir sóttu þjónustu tryggingafélags til Reyðarfjarðar. Um 12% notuðu síðast þjónustu tryggingafélags og 6% bankaþjónustu á netinu (mynd 33).

Sérvöruverslun

Hlutfall svarenda sem notuðu þjónustuna sem spurt var um:

- 50% fóru í gjafavöruverslun/blómabúð
- 34% fóru í símaverslun
- 32% fóru húsgagnaverslun
- 48% fóru í raftækjaverslun
- 79% fóru í byggingavöruverslun
- 48% fóru í skóverslun
- 68% fóru í fataverslun
- 33% fóru í bókaverslun.


Tíðni notkunar

Spurt var: Hversu oft síðastliðna 12 mánuði hefur þú notað eftirfarandi þjónustu sérvöruverslana? Þátttakendur sem nýttu þjónustu fyrirtækja á Reyðarfirði fóru að meðaltali í:

- 3,2 skipti í gjafavöruverslun/blómabúð
- 7,5 skipti í raftækjaverslun
- 10 skipti í byggingavöruverslun
- 2,1 skipti í skóverslun
- 2,7 skipti í fataverslun.

Þátttakendur sem nýttu þjónustu fyrirtækja á Neskaupstað fóru í:

- 3,9 skipti í gjafavöruverslun/blómabúð
- 4 skipti í raftækjaverslun
- 11,6 skipti í byggingavöruverslun
- 1,8 skipti í skóverslun
- 12,3 skipti í fataverslun.
- 3,7 skipti í bókaverslun.



MYND 34. HLUTFALL SVARENDA SEM FÓRU Í SÉRVÖRUVERSLANIR EFTIR STAÐSETNINGU ÞJÓNUSTUAÐILA.

Flestir þátttakendur nýttu síðast þjónustu byggingavöruverslana í Fjarðabyggð og um 36% fóru síðast í gjafavöruverslun/blómabúð og 21% í raftækjaverslun á búsetusvæðinu. Um fimmtungur fór síðast í fataverslun og skóverslun erlendis (mynd 34).

Menning og afþreying

Hlutfall svarenda sem fóru á menningarviðburði og notuðu afþreyingu sem spurt var um:

- 7% fóru á listsýningu
- 46% fóru á tónleika
- 17% fóru í leikhús
- 75% fóru á veitingahús
- 33% fóru í kvikmyndahús.


Tíðni notkunar

Spurt var: Hversu oft síðastliðna 12 mánuði hefur þú notað eftirfarandi þjónustu? Þeir sem fóru á menningarviðburði og/eða nýttu afþreyingu í Neskaupstað fóru að meðaltali í:

- 1,4 skipti á listsýningu
- 3,6 skipti á tónleika
- 1,6 skipti í leikhús
- 8,5 skipti á veitingahús.

Þeir sem notuðu þjónustuna á Reyðarfirði fóru í 2,2 skipti á tónleika og 4,9 skipti á veitingahús. Þátttakendur sem notuðu þjónustuna á Eskifirði fóru í 2,2 skipti á tónleika og 1 skipti í leikhús. Þeir sem notuðu þjónustuna á Stöðvarfirði fóru í 2,7 skipti á tónleika.

Þátttakendur sem notuðu þjónustuna á Breiðdalsvík fóru í 1 skipti á listsýningu og 3,7 skipti á tónleika.




MYND 35. HLUTFALLSLEG SKIPTING SVARENDA SEM FÓRU Á MENNINGARVIÐBURÐI OG NOTUÐU AÐFREYINGU EFTIR STAÐSETNINGU ÞJÓNUSTUAÐILA.

Flestir fóru síðast á listsýningu og tónleika á búsetusvæðinu. Um 29% þátttakenda fóru á veitingahús í Fjarðabyggð, flestir fóru á veitingastað í Neskaupsstað. Um 5% þátttakenda fóru síðast á listsýningu á Seyðisfirði og um 8% á tónleika á Borgarfirði eystra (mynd 35).

Seyðisfjarðarkaupstaður

Þann 1. janúar 2017 voru 510 íbúar á aldrinum 18-80 ára, þar af voru konur 246 og 264 karlar. Alls tóku 137 manns þátt í könnuninni eða 26,8% íbúa á aldrinum 18-80 ára.


Þjónustusókn



MYND 36. ÞJÓNUSTUSÓKN SVARENDA Í SEYÐISFJARÐARKAUPSTAÐ.

Þátttakendur sóttu rúmlega 38% þjónustunnar til fyrirtækja og stofnana á Seyðisfirði, rúm 32% til Egilsstaða og um 16% til höfuðborgarsvæðisins (mynd 36).

Þjónustueinkunn



MYND 37. ÞJÓNUSTUEINKUNN SVARENDA Í SEYÐISFJARÐARKAUPSTAÐ.

Um 23% svarenda gáfu þjónustunni ágætiseinkunn en flestir gáfu þjónustunni sæmilega einkunn eða 49% (mynd 37).

Algeng þjónusta

Hlutfall svarenda sem notuðu algenga þjónustu:


- 93% fóru í lágvöruverðsverslun
- 85% fóru í dagvöruverslun
- 82% fóru í apótek
- 15% fóru í bakarí
- 53% fóru í vínbúð
- 25% fóru á almenningsbókasafn
- 20% fóru í líkamsrækt
- 47% fóru í sund
- 56% fóru á skyndibitastað
- 90% tóku eldsneyti.

Tíðni notkunar

Spurt var: Hversu oft síðastliðna 30 daga notaðir þú eftirfarandi þjónustu? Þátttakendur sem sóttu þjónustu til fyrirtækja og stofnana á Seyðisfirði fóru að meðaltali í:

- 11,7 skipti í dagvöruverslun
- 2 skipti á almenningsbókasafn
- 2,2 skipti í apótek
- 2,8 skipti í vínbúð
- 8,9 skipti í líkamsrækt
- 5,8 skipti í sund

- tóku eldsneyti í 4,4 skipti.



MYND 38. HLUTFALLSLEG SKIPTING SVARENDA SEM NOTUÐU ALGENGA ÞJÓNUSTU EFTIR STAÐSETNINGU ÞJÓNUSTUAÐILA.

Meirihluti fór síðast í dagvöruverslun, tók eldsneyti, fór í apótek, í vínbúð, á almenningsbókasafn, í líkamsrækt og sund á Seyðisfirði. Rúmlega níu af hverjum tíu fóru síðast í lágvöruverðsverslun, 30% þátttakenda fóru á skyndibitastað og rúmlega 20% fóru í bakarí á Egilsstöðum. Flestir fóru síðast í bakarí á Austurlandi en um 20% þátttakenda sóttu þjónustuna til þjónustuaðila á höfuðborgarsvæðinu (mynd 38). Fjarðarheiði er eini akvegurinn til og frá Seyðisfirði.

Opinber þjónusta


Hlutfall svarenda sem notuðu þjónustuna sem spurt var um:

- 13% notuðu þjónustu hjá sí- og endurmenntunarstöð
- 93% fóru á pósthús
- 54% notuðu þjónustu hjá sýslumanni/Tryggingastofnun.

Tíðni notkunar

Spurt var: Hversu oft síðastliðna 12 mánuði notaðir þú þjónustuna? Þeir sem sóttu þjónustu til stofnana á Seyðisfirði nýttu að meðaltali:

- pósthús í 17,0 skipti
- skrifstofu sýslumanns/Tryggingastofnunar í 3,9 skipti.



MYND 39. HLUTFALLSLEG SKIPTING SVARENDA SEM NOTUÐU OPINBERA ÞJÓNUSTU EFTIR STAÐSETNINGU ÞJÓNUSTUAÐILA.

Flestir notuðu síðast pósthús og þjónustuna hjá sýslumanni og/eða Tryggingastofnun á Seyðisfirði. Flestir sóttu síðast þjónustu hjá sí- og endurmenntunarstöð á höfuðborgarsvæðinu eða 39%, 27% á Egilsstöðum og 16% notuðu netið (mynd 39).

Fjármálaþjónusta


Hlutfall svarenda sem notuðu þjónustuna sem spurt var um:

- 8% notuðu lögfræðiþjónustu
- 8% notuðu þjónustu hjá bókhalds- og endurskoðunarstofu
- 14% notuðu þjónustu fasteignasölu
- 47% notuðu þjónustu tryggingafélags
- 82% notuðu bankaþjónustu.

Tíðni notkunar

Spurt var: Hversu oft síðastliðna 12 mánuði notaðir þú þjónustuna? Þeir sem sóttu til þjónustuaðila á Seyðisfirði nýttu að meðaltali:

- bókhalds- og endurskoðunarstofu í 7,1 skipti
- tryggingafélag í 2,2 skipti
- bankaþjónustu í 7,9 skipti.



MYND 40. HLUTFALLSLEG SKIPTING SVARENDA SEM NOTUÐU FJÁRMÁLAÞJÓNUSTU EFTIR STAÐSETNINGU ÞJÓNUSTUAÐILA.

Flestir þátttakenda sóttu síðast fjármálaþjónustuna sem spurt var um til þjónustuaðila á Egilsstöðum. Um 23% sóttu síðast lögfræðiþjónustu, þjónustu bókhalds- og endurskoðunarstofu og þjónustu tryggingafélags til þjónustuaðila á höfuðborgarsvæðinu. Um 14% nýttu þjónustu tryggingafélags og 13% bankaþjónustu á netinu (mynd 40).

Sérvöruverslun


Hlutfall svarenda sem notuðu þjónustuna sem spurt var um:

- 57% fóru í gjafavöruverslun/blómabúð
- 39% fóru í símaverslun
- 24% fóru í húsgagnaverslun
- 50% fóru í raftækjaverslun
- 80% fóru í byggingavöruverslun
- 44% fóru í skóverslun
- 74% fóru í fataverslun
- 39% fóru í bókaverslun.

Tíðni notkunar

Spurt var: Hversu oft síðastliðna 12 mánuði hefur þú notað þjónustuna? Þátttakendur sem nýttu þjónustu fyrirtækja á Seyðisfirði fóru að meðaltali í:

- 9,7 skipti í gjafavöruverslun/blómabúð.



MYND 41. HLUTFALLSLEG SKIPTING SVARENDA SEM FÓRU Í SÉRVÖRUVERSLANIR EFTIR STAÐSETNINGU ÞJÓNUSTUADILA.

Flestir sóttu þjónustu sérvöruverslana til fyrirtækja á Egilsstöðum og höfuðborgarsvæðinu. Um 25% þátttakenda fóru síðast í gjafavöruverslun og/eða blómabúð á Seyðisfirði. Hátt í fimmtungur sótti þjónustu húsgagnaverslunar og 15% þjónustu skóverslunar á netið. Þá fóru 16% síðast í skóverslun og 11% í fataverslun erlendis (mynd 41).

Menning og afþreying


Hlutfall svarenda sem fóru á menningarviðburði og notuðu afþreyingu:

- 7% fóru á listsýningu
- 46% fóru á tónleika
- 17% fóru í leikhús
- 75% fóru á veitingahús
- 32% fóru í kvikmyndahús.

Tíðni notkunar

Spurt var: Hversu oft síðastliðna 12 mánuði notaðir þú þjónustuna? Þeir sem fóru á menningarviðburði og/eða nýttu afþreyingu á Seyðisfirði fóru að meðaltali í:

- 3,5 skipti á listsýningu
- 3,2 skipti á tónleika
- 11,2 skipti á veitingahús.




MYND 42. HLUTFALLSLEG SKIPTING SVARENDA SEM FÓRU Á MENNINGARVIÐBURÐI OG NOTUÐU AFBREYINGU EFTIR STAÐSETNINGU ÞJÓNUSTUAÐILA.

Meirihluti þátttakenda fór síðast á listsýningu, tónleika og veitingahús á Seyðisfirði en meirihluti fór hins vegar í leikhús og kvikmyndahús á höfuðborgarsvæðinu (mynd 42).

Vopnafjarðarhreppur

Þann 1. janúar 2017 voru íbúar á aldrinum 18-80 ára 471 talsins í Vopnafjarðarhreppi, þar af voru 217 konur og 254 karlar. Alls tóku 134 íbúar þátt í könnuninni eða 28,4% íbúa á aldrinum 18-80 ára.


Þjónustusókn



MYND 43. ÞJÓNUSTUSÓKN SVARENDA Í VOPNAFJARÐARHREPPI.

Þátttakendur sóttu um 51% þjónustunnar til fyrirtækja og stofnana á Vopnafirði, rúmlega 19% til Akureyrar og 14% til höfuðborgarsvæðisins og 8% til Egilsstaða (mynd 43).

Þjónustueinkunn



MYND 44. ÞJÓNUSTUEINKUNN SVARENDA Í VOPNAFJARÐARHREPPI.

Um 35% svarenda gáfu þjónustunni í Vopnafjarðarhreppi ágætiseinkunn en 54% gáfu þjónustunni sæmilega einkunn (mynd 44).

Algeng þjónusta

Hlutfall þátttakenda sem notuðu algenga þjónustu:


- 83% fóru í lágvöruverðsverslun
- 86% fóru í dagvöruverslun
- 77% fóru í apótek
- 22% fóru í bakarí
- 46% fóru í vínbúð
- 15% fóru á almenningsbókasafn
- 17% fóru í líkamsrækt
- 45% fóru í sund
- 89% fóru á skyndibitastað
- 89% tóku eldsneyti.

Tíðni notkunar

Spurt var: Hversu oft síðastliðna 30 daga notaðir þú eftirfarandi þjónustu? Þeir sem sóttu þjónustu til fyrirtækja og stofnana á Vopnafirði fóru að meðaltali í:

- 10 skipti í dagvöruverslun
- 1,8 skipti á almenningsbókasafn
- 1,9 skipti í apótek
- 8,7 skipti í líkamsrækt
- 3,6 skipti í sund
- 2,5 skipti í vínbúð

- tóku eldsneyti í 3,8 skipti.



MYND 45. HLUTFALLSLEG SKIPTING SVARENDA SEM NOTUÐU ALGENGRAR ÞJÓNUSTU EFTIR STAÐSETNINGU ÞJÓNUSTUAÐILA.

Meirihluti þátttakenda sótti sjö af tíu þáttum algengrar þjónustu til fyrirtækja og stofnana á Vopnafirði. Þjónustu lágvöruverðsverslana sóttu 60% þátttakenda til Egilsstaða og 35% til Akureyrar. Þá fóru um 47% þátttakenda í bakarí á Akureyri og 23% á höfuðborgarsvæðinu (mynd 45).

Vegalengdin á milli Vopnafjarðar og Egilsstaða er 94 km en það eru 236 km til Akureyrar frá Vopnafirði. Vegalengdin frá hringvegi til Vopnafjarðarkauptúns er um 53 km. Vegurinn liggur að hluta til í um 450-500 m hæð út Fossheiði (Vopnafjarðarheiði) og Burstafellsbrúnir.

Opinber þjónusta


Hlutfall svarenda sem notuðu þjónustuna sem spurt var um:

- 9% notuðu þjónustu hjá sí- og endurmenntunarstöð
- 82% fóru á pósthús
- 39% notuðu þjónustu hjá sýslumanni/Tryggingastofnun.

Tíðni notkunar

Spurt var: Hversu oft síðastliðna 12 mánuði notaðir þú þjónustuna? Þeir sem sóttu þjónustu til stofnana á Vopnafirði nýttu að meðaltali:

- sí- og endurmenntunarstöð í 1,2 skipti
- pósthús í 15 skipti
- skrifstofu sýslumanns/Tryggingastofnunar í 3 skipti.



MYND 46. HLUTFALLSLEG SKIPTING SVARENDA SEM NOTUÐU OPINBERA ÞJÓNUSTUAÐILA EFTIR STAÐSETNINGU ÞJÓNUSTUAÐILA.

Flestir sóttu þjónustuna sem spurt var um til þjónustuaðila á Vopnafirði. Um 26% sóttu þjónustu sí- og endurmenntunarstöðva á netið og 15% til þjónustuaðila á Reyðarfirði (mynd 46).

Fjármálaþjónusta


Hlutfall svarenda sem notuð þjónustuna sem spurt var um:

- 10% notuðu þjónustu bókhalds- og endurskoðunarstofu
- 50% notuðu þjónustu tryggingafélags
- 83% notuðu bankaþjónustu.

Tíðni notkunar

Spurt var: Hversu oft síðastliðna 12 mánuði notaðir þú þjónustuna? Þeir sem sóttu til þjónustuaðila á Vopnafirði nýttu að meðaltali:

- bókhalds- og endurskoðunarstofu í 2,2 skipti
- tryggingafélag í 2,1 skipti
- bankaþjónustu í 15,9 skipti.



MYND 47. HLUTFALLSLEG SKIPTING SVARENDA SEM NOTUÐU FJÁRMÁLAÞJÓNUSTU EFTIR STAÐSETNINGU ÞJÓNUSTUAÐILA.

Afgerandi meirihluti þátttakenda sótti síðast þjónustu bókhalds- og endurskoðunarstofu, þjónustu tryggingafélags og bankaþjónustu til þjónustuaðila á Vopnafirði. Um 3% nýttu þjónustu tryggingafélags og 10% bankaþjónustu á netinu (mynd 47). Enginn notaði lögfræðiþjónustu né þjónustu fasteignasölu á tímabilinu sem spurt var um.

Sérvöruverslun


Hlutfall svarenda sem notuðu þjónustuna sem spurt var um:

- 49% fóru í gjafavöruverslun/blómabúð
- 43% fóru í símaverslun
- 32% fóru í húsgagnaverslun
- 57% fóru í raftækjaverslun
- 75% fóru í byggingavöruverslun
- 52% fóru í skóverslun
- 69% fóru í fataverslun
- 34% fóru í bókaverslun.

Tíðni notkunar

Spurt var: Hversu oft síðastliðna 12 mánuði hefur þú notað þjónustuna? Þátttakendur sem nýttu þjónustu fyrirtækja á Vopnafirði fóru að meðaltali í:

- 3,5 skipti í gjafavöruverslun/blómabúð.



MYND 48. HLUTFALLSLEG SKIPTING SVARENDNA SEM FÓRU Í SÉRVÖRUVERSLANIR EFTIR STAÐSETNINGU ÞJÓNUSTUADILA.

Meirihluti sótti þjónustu sérvöruverslana til Akureyrar og höfuðborgarsvæðisins en flestir þátttakendur sóttu þjónustu byggingavöruverslunar til Egilsstaða. Um 12% þátttakenda fóru síðast í gjafavöruverslun á Vopnafirði. Þá sóttu 13% þátttakenda þjónustu húsgagnaverslunar og 11% þjónustu raftækjaverslunar á netið (mynd 48).

Menning og afþreying


Hlutfall svarenda sem fóru á menningarviðburði og notuðu afþreyingu:

- 12% fóru á listsýningu
- 48% fóru á tónleika
- 20% fóru í leikhús
- 70% fóru á veitingahús
- 35% fóru í kvikmyndahús.

Tíðni notkunar

Spurt var: Hversu oft síðastliðna 12 mánuði notaðir þú þjónustuna? Þeir sem fóru á menningarviðburði og/eða nýttu afþreyingu á Vopnafirði fóru að meðaltali í:

- 1,8 skipti á listsýningu
- 2,7 skipti á tónleika
- 10,7 skipti á veitingahús.




MYND 49. HLUTFALLSLEG SKIPTING SVARENDA SEM FÓRU Á MENNINGARVIÐBURÐI OG NOTUÐU AÞFREYINGU.

Meirihluti þátttakenda fór síðast á listsýningu og tónleika á Vopnafirði. Þá fóru 16% síðast á veitingahús á Vopnafirði. En flestir eða 48% fóru síðast í kvikmyndahús og 33% á veitingahús á Akureyri. Um 11% fóru síðast á veitingastað erlendis (mynd 49).

Djúpavogshreppur

Þann 1. janúar 2017 voru 320 íbúar á aldrinum 18-80 ára í Djúpavogshreppi, þar af voru 147 konur og 173 karlar. Alls tóku 62 íbúar þátt í könnuninni eða 19,4% íbúa á aldrinum 18-80 ára.


Þjónustusókn



MYND 50. ÞJÓNUSTUSÓKN SVARENDA Í DJÚPAVOGSHREPPI.

Þátttakendur sóttu um 38% þjónustunnar til fyrirtækja og stofnana á Djúpavogi, um 24% til höfuðborgarsvæðisins og 20% til fyrirtækja og stofnana á Egilsstöðum (mynd 50).

Þjónustueinkunn



MYND 51. ÞJÓNUSTUEINKUNN SVARENDA Í DJÚPAVOGSHREPPI.

Flestir eða 45% svarenda gáfu þjónustunni í Djúpavogshreppi ágætiseinkunn en 38% sæmilega einkunn (mynd 51).

Algeng þjónusta

Hlutfall svarenda sem notuðu algenga þjónustu:


- 63% fóru í lágvöruverðsverslun
- 89% fóru í dagvöruverslun
- 48% fóru í apótek
- 17% fóru í bakarí
- 39% fóru í vínbúð
- 15% fóru á almenningsbókasafn
- 17% fóru í líkamsrækt
- 35% fóru í sund
- 42% fóru á skyndibitastað
- 83% tóku eldsneyti.

Tíðni notkunar

Spurt var: Hversu oft síðastliðna 30 daga notaðir þú eftirfarandi þjónustu? Þeir sem nýttu þjónustu fyrirtækja og stofnana á Djúpavogi fóru að meðaltali í:

- 13,1 skipti í dagvöruverslun
- 1,7 skipti á almenningsbókasafn
- 1,3 skipti í apótek
- 2,8 skipti í vínbúð
- 7,3 skipti í líkamsrækt
- 4,4 skipti í sund

- 4,5 skipti á skyndibitastað
- tóku eldsneyti í 2,7 skipti.



MYND 52. HLUTFALLSLEG SKIPTING SVARENDA SEM NOTUÐU ALGENGRAR ÞJÓNUSTU EFTIR STAÐSETNINGU ÞJÓNUSTUAÐILA.

Meirihluti þátttakenda sótti sjö af tíu þáttum algengrar þjónustu til fyrirtækja og stofnana á Djúpavogi. Um 90% fóru síðast í lágvöruverðsverslun á Egilsstöðum (mynd 52). Flestir fóru í bakarí á Reyðarfirði og í Fellabæ en um 30% fóru í bakarí á höfuðborgarsvæðinu. Vegalendin á milli Djúpavogs og Egilsstaða er 86 km ef farið erum Axarveg (939). Fjarðaleið er 70 km lengri sé ferðinni heitið til Egilsstaða og er eins og sakir standa oft eina greiðfæra leiðin á veturna.

Opinber þjónusta


Hlutfall svarenda sem notuðu þjónustuna sem spurt var um:

- 15% notuðu þjónustu hjá sí- og endurmenntunarstöð
- 78% fóru á pósthús
- 37% notuðu þjónustu hjá sýslumanni/Tryggingastofnun.

Tíðni notkunar

Spurt var: Hversu oft síðastliðna 12 mánuði notaðir þú þjónustuna? Þeir sem sóttu þjónustu til stofnana á Djúpavogi nýttu að meðaltali:

- pósthús í 22,8 skipti
- sí- og endurmenntunarstöð í 1,2 skipti.



MYND 53. HLUTFALLSLEG SKIPTING SVARENDA SEM NOTUÐU OPINBERA ÞJÓNUSTU EFTIR STAÐSETNINGU ÞJÓNUSTUAÐILA.

Afgerandi meirihluti notaði pósthjónustuna á Djúpavogi. Um 27% notuðu þjónustu hjá sí- og endurmenntunarstöð á Djúpavogi en meirihluti sótti þjónustuna til þjónustuaðila á höfuðborgarsvæðinu og 11% til Reyðarfjarðar. Flestir notuðu þjónustuna hjá sýslumanni og/eða Tryggingastofnun á Egilsstöðum eða 39% og 36% á Eskifirði (mynd 53).

Fjármálaþjónusta


Hlutfall svarenda sem notuðu þjónustuna sem spurt var um:

- 9% notuðu lögfræðiþjónusta
- 24% notuðu þjónustu hjá bókhalds- og endurskoðunarstofu
- 40% notuðu þjónustu tryggingafélags
- 76% notuðu bankaþjónustu.

Tíðni notkunar

Spurt var: Hversu oft síðastliðna 12 mánuði notaðir þú þjónustuna? Þeir sem sóttu til þjónustuaðila á Djúpavogi nýttu að meðaltali:

- bankaþjónustu í 24,4 skipti.



MYND 54. HLUTFALLSLEG SKIPTING SVARENDA SEM NOTUÐU FJÁRMÁLAÞJÓNUSTU EFTIR STAÐSETNINGU ÞJÓNUSTUAÐILA.

Flestir þátttakenda sóttu bankaþjónustu til þjónustuaðila á Djúpavogi. Um 67% sóttu lögfræðiþjónustu og 57% bókhalds- og endurskoðunarstofu til þjónustuaðila á höfuðborgarsvæðinu. Um 15% sóttu þjónustu tryggingafélags og 7% bankaþjónustu á netið (mynd 54).

Enginn notaði þjónustu fasteigasölu á tímabilinu sem spurt var um.

Sérvörverslun


Hlutfall svarenda sem notuðu þjónustuna sem spurt var um:

- 43% fóru í gjafavörverslun/blómabúð
- 37% fóru í símaverslun
- 28% fóru í húsgagnaverslun
- 44% fóru í raftækjaverslun
- 72% fóru í byggingavörverslun
- 35% fóru í skóverslun
- 60% fóru í fataverslun
- 30% fóru í bókaverslun.

Tíðni notkunar

Spurt var: Hversu oft síðastliðna 12 mánuði hefur þú notað þjónustuna? Þátttakendur sem notuðu þjónustu fyrirtækja á Djúpavogi fóru að meðaltali í:

- 3,7 skipti í gjafavörverslun/blómabúð.



MYND 55. HLUTFALLSLEG SKIPTING SVARENDA SEM FÓRU Í SÉRVÖRVERSLANIR EFTIR STAÐSETNINGU ÞJÓNUSTUAÐILA.

Þátttakendur fóru í meginatriðum í sérvörverslanir á Egilsstöðum og á höfuðborgarsvæðinu. En 42% notuðu þjónustu gjafavörverslunar og/eða blómabúðar á Djúpavogi. Þriðjungur fór síðast í byggingavörverslun á Reyðarfirði. Þá fóru 22% þátttakenda síðast í fataverslun og 15% í skóverslun erlendis (mynd 55).

Menning og afþreying


Hlutfall svarenda sem fóru á menningarviðburði og notuðu afþreyingu:

- 28% fóru á listsýningu
- 65% fóru á tónleika
- 11% fóru í leikhús
- 72% fóru á veitingahús
- 27% fóru í kvikmyndahús.

Tíðni notkunar

Spurt var: Hversu oft síðastliðna 12 mánuði notaðir þú þjónustuna? Þeir sem fóru á menningarviðburði og/eða nýttu afþreyingu á Djúpavogi fóru að meðaltali í:

- 1,8 skipti á listsýningu
- 2,7 skipti á tónleika
- 10,7 skipti á veitingahús.



MYND 56. HLUTFALLSLEG SKIPTING SVARENDA SEM FÓRU Á MENNINGARVIÐBURÐI OG NOTUÐU AÞPREYINGU EFTIR STAÐSETNINGU ÞJÓNUSTUAÐILA.

Afgerandi meirihluti sótti síðast listsýningu og tónleika á Djúpavogi en meirihluti fór síðast í leikhús og kvikmyndahús á höfuðborgarsvæðinu. Hlutfallslega fóru jafn margir á veitingahús á Djúpavogi og á höfuðborgarsvæðinu eða 27% þátttakenda á hvorn stað, en um 24% fóru síðast á veitingahús á Akureyri (mynd 56).


Orðaskýið veitir yfirsýn yfir svör þátttakenda við opinni spurningu um þjónustu sem þeir sóttu út fyrir búsetusvæði sitt og ekki var spurt um í könnuninni.



MYND 57. ORÐASKÝI: ÞJÓNUSTA SEM SVARENDAR SÓTTU ÚT FYRIR SITT BÚSETUSVÆÐI.

Mjög margir nefndu þjónustu sem er til staðar á búsetusvæðinu s.s. flugþjónusta en margir nefndu í því sambandi of há flugfargjöld, aðrir nefndu í því sambandi félagsleg tengsl, ættingja og samfélagslegt öryggi. Eins og sést í skýinu þá var margvísleg þjónusta nefnd s.s. landbúnaðarverslun, skósmiður og hannyrðaverslun (mynd 57).

Í þjónustukönnuninni var spurt: Ertu með Costco aðild?



MYND 58. HLUTFALLSLEG SKIPTING SVARENDAR MEÐ COSTCO AÐILDARKORT OG ÞEIRRA SEM EKKI ERU MEÐ AÐILDARKORT.

Um 91% þátttakenda eða 961 svöruðu spurningunni. Af þeim sem tóku afstöðu voru um 26% með aðildarkort, flestir með einstaklingsaðild (mynd 58).